



Nefndasviðs Alþingis
Umhverfis og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1272
komudagur 29.2.2012

LHG/021/9,6/DS/sig
Reykjavík 29. febrúar 2012

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál

Landhelgisgæslan leggur til að í samgönguáætlun verði reiknað með margvíslegum verkefnum Landhelgisgæslu Íslands sem hingað til hafa ekki fengið stað í áætluninni. Samgönguáætlun var á ábyrgð samgönguráðherra og var að mestu leyti gerð um undirstofnanir og verkefni samgönguráðuneytis. Nú ber innanríkisráðherra ábyrgð á samgönguáætlun eftir breytingar á lögum um samgönguáætlun nr. 33/2008 sem tóku gildi 30. september 2011 og getur þannig útvíkkað svið samgönguáætlunarinnar.

Í samgönguráði sitja forstöðumenn þeirra samgöngustofnana sem heyra undir ráðuneytið skv. 4. gr. laga um samgönguáætlun og nú er Landhelgisgæslan orðin ein þeirra. Samkvæmt því ætti forstjóri Landhelgisgæslu Íslands að sitja í samgönguráði.

Markmiðið með samgönguáætlun er skv. 2. gr. laga um samgönguáætlun að ná fram samræmdri forgangsröð og stefnumótun, að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla og ná fram samræmdu skipulagi samgöngugreina og samstarfi stofnana ráðuneytisins og fyrirtækja á þess vegum. Þar sem samgönguáætlun tekur til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. öryggismála og umhverfismála, má með sterkum rökum halda því fram að marvísleg verkefni Landhelgisgæslunnar eigi fullt erindi í samgönguáætlun.

Sem dæmi má nefna eftirtalin verkefni Landhelgisgæslunnar sem talin eru í 4. og 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006:


- Öryggisgæsla á hafinu.
- Leitar- og björgunarþjónusta við sjófarendur, skip og önnur farartæki á sjó.
- Leitar- og björgunarþjónusta við loftför.
- Leitar- og björgunarþjónusta á landi.
- Aðkallandi sjúkraflutningar í samvinnu við aðra björgunaraðila.
- Aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast, svo sem vegna hafiss, snjóalaga, ofviðra eða náttúruhamfara.
- Eftirlit á hafinu samkvæmt lögum um siglingavernd og öðrum sambærilegum lögum.
- Að tilkynna um, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum getur stafað hættu af auk sprengjueyðingar á landi.

- Sjómælingar, sjókortagerð, útgáfa tilkynninga til sjófarenda, sjávarfallataflna og leiðsögubóka auk annarra rita sem tengjast siglingum (Mikilvægt fyrir öryggi sjófarenda. Tryggja þarf áframhaldandi sjómælingar og endurnýjun sjókorta).
- Almennt sjúkraflug og aðstoð við læknisþjónustu.
- Mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu.
- Sprengjueyðing (bæði úti á sjó og í landi) og hreinsun skotæfingasvæða (t.d. vinsæl útivistarsvæði).
- Eftirlit með skipum á hafinu og aðstoð við framkvæmd vitamála.
- Móttaka og miðlun tilkynninga frá skipum.
- Eftirlitsflug (umferðareftirlit) með lögreglu.

Landhelgisgæslan telur að með því að reikna með verkefnum Landhelgisgæslunnar inni í samgönguáætlun, náist betri yfirsýn yfir málaflökkinn og að það þjóni betur hagsmunum ríkisins og almennings. Þá yrði auðveldara að skipuleggja útgerð bæði loftfara og skipa Landhelgisgæslunnar og dregið yrði úr hættu á tvíverknaði varðandi verkefni sem skarast milli stofnana.

Að síðustu bendir Landhelgisgæslan á kafla 1.4. um markmið um öryggi í samgöngum og kafla um öryggi, aðgerðaráætlun á hverju sviði samgangna. Landhelgisgæslan ber ábyrgð á leit og björgun sjófarenda og loftfara og rekur samhæfða björgunarstjórnstöð fyrir siglingar og flug (JRCC-Ísland) en á litla sem enga aðkomu að þessum áætlunum. Einnig má nefna hlutverk Landhelgisgæslunnar sem viðbragðsaðila vegna slysa úti á landi.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,



Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur.